



Kjalarnes

27.06.2022

B/T Skúla Helgasonar

Formanns mennigar, íþróttar og tómstundaráðs.

Aðstaða og rekstur íþróttamannvirkja á Kjalarnesi

UMFK óskar eftir fundi með fulltrúa Reykjavíkurborgar vegna aðstöðu og rekstur íþróttamannvirkja á Kjalarnesi.

Síðustu ár hefur mikil fjölgun átt sér stað í skipulögðu íþróttastarfi hjá UMFK og er aðstaðan löngu sprungin utan af sér auk þess sem viðhald á aðstöðu félagsins er með öllu óviðunandi.

Viljum við óska eftir fundi með ykkur við allra fyrsta tækifæri þar sem við ræðum okkar hugmyndir um aðstöðu og þau brýnu verkefni sem þarf að fara í strax til að laga aðstöðuna auk þess að ræða um rekstrarfyrirkomulag hússins.

Við getum ekki sætt okkur við þá aðstöðu sem núna er í gangi, við getum ekki sætt okkur við ónýtt þak, gólf og engin aðstaða fyrir búnað.

Það liggur fyrir beiðni UMFK um að taka rekstur íþróttamannvirkjanna yfir og viljum við ræða það á sama fundi. Við óskum eftir að fulltrúar ÍTR verði einnig á þessum fundi.

Við vonum að vel verði tekið í þessa bón okkur og okkur sýndur skilningur og velvilji, það liggur fyrir að lekið þak og ónýtt gólf munum við ekki sætta okkur við.

Kv stjórn UMFK.